



Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra

Reykjavík, 6. október 2025

**Efni: Rannsókn á afdrifum barna sem vistuð hafa verið á vegum ríkisins í úrræðum skv. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002**

Samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga ber íslenska ríkið ábyrgð á að til staðar séu meðferðarúrræði fyrir börn. Nánar tiltekið ber ríkinu að sjá til þess að tiltæk séu heimili og stofnanir til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, greina vanda barna sem þurfa sérhæfða meðferð og veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

Í ársskýrslu umboðsmanns barna, sem kynnt var forsætisráðherra þann 26. ágúst sl. kemur fram að þrátt fyrir aukna áherslu stjórnvalda á málefni barna á umliðnum árum hafi staða barna sem þurfa á meðferðarúrræðum að halda versnað umtalsvert. Umboðsmaður barna hefur ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af því langvarandi úrræðaleysi sem ríkt hefur í málaflokknum og þeim afleiðingum sem það kann að hafa í för með sér fyrir þennan hóp barna síðar meir. Þá hefur umboðsmaður barna vísað til þeirra skyldna sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt Barnasáttmálanum, sbr. lög nr. 19/2013, einkum rétt barna til lífs og þroska skv. 6. gr. sáttmálans. Umboðsmaður telur ljóst að Ísland hafi ekki að fullu staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þessum hóp barna vegna laskaðrar stöðu meðferðarkerfisins.

Að mati umboðsmanns er mikilvægt að lagt sé sérstakt mat á það hvort meðferðarkerfið skili tilætluðum árangri og hvort veitt sé þjónusta sem raunverulega gagnast þeim skjólstæðingum sem þjónustuna þiggja. Einn mælikvarði á gæði slíkrar þjónustu er að meta hvernig þessum börnum reiðir af og vegnar á lífsleiðinni. Bent hefur verið á að óæskileg blöndun barna í meðferð hafi verið viðvarandi vandamál til lengri tíma og haft í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir líf og heilsu skjólstæðinga. Þá hafa einnig komið fram margvíslegar vísbendingar um að þessi hópur standi höllum fæti í samfélaginu á ýmsum sviðum, eftir 18 ára aldur. Er því að mati umboðsmanns rík ástæða til að rannsaka sérstaklega afdrif barna sem vistuð hafa verið í áður nefndum úrræðum frá því að ríkið tók við rekstri þeirra samhliða því að Barnaverndarstofa var sett á fót árið 1996.

Benda má á að sambærilegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar t.d. með rannsókn á starfsemi vöggustofa í Reykjavík, sbr. lög nr. 45/2022, þar sem sérstaklega voru skoðuð afdrif þeirra

barna sem vistuð voru á vöggustofum, sem og rannsókn um afdrif uppkominna fósturbarna sem unnin var að beiðni mennta- og barnamálaráðuneytisins. Að mati embættisins er m.a. tilefni til að rannsaka sérstaklega dánartíðni, atvinnuþátttöku, menntun, húsnæðisstöðu, örorku, afplánun dóma og geðheilbrigði.

Umboðsmaður barna vonast til þess að forsætisráðherra veiti rannsókninni stuðning sinn svo unnt sé að ráðast í framkvæmd hennar. Lýsir embættið sig reiðubúið til samtals og samvinnu um afmörkun og skipulagningu slíkrar greiningar.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna